

## Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 16. hjá Öldungaráði sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar þriðjudaginn 12. desember 2023 kl 14,00.

**Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.**

**Einnig voru mættir á fundinn Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar og Sveinn Þór Elinbergsson forstöðumaður félags og skólajónustu Snæfellinga.**

Ólafur formaður setti fund og stýrði. Hann bauð fundarmenn velkomna og gaf hann síðan Kristni orðið en hann var beðinn um að koma á fundinn.

**Mál 1:** Kristinn skýrði frá verkefni sem hefur fengið titilinn „Gott að eldast betra líf“. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli sveitarfélaga á Snæfellsnesi og ríkisins. Það felur í sér að samþætta ma heilsueflingu, heilsugæslu, félagslíf og fleira. Stofnaður hefur verið starfshópur um verkefnið og búið er að ráða tvo verkefnastjóra og gerður verður tímarammi sem unnið verður eftir. Að því loknu verður niðurstaðan kynnt.

Þetta verkefni tengist líka saman við Heilsueflandi samfélag sem Alma Möller kom á í samstarfi við Snæfellsbæ fyrr á árinu og farið er að vinna eftir. Þar var skipuð nefnd sem þegar hefur hafið störf.

Umræður urðu um málið og fundarmönnum var efst í huga heilsugæslan hér á svæðinu ma læknamálin sem ekki hafa verið í nægilega góðu standi. Þá var ekki síst rætt um nauðsyn þess að sjúkráþjálfun væri samþætt eins og kostur er. Rætt um nauðsyn þess að hann starfi hér í bæjarfélaginu.

Kristni var þökkun góð yfirferð um þetta viðamikla verkefni og þakkað fyrir komuna á fundinn.

**Mál 2:** Ólafur Hlynur formaður lagði fyrir fundinn svohljóðandi áskorun:

„Undanfarna vetur hafa eldri borgarar, meðal annara, rætt nauðsyn þess að hreinsa betur snjó af gangstéttum við umferðamestu götur í bæjarfélaginu til að auðvelda notkun þeirra. Öldungaráð beinir því þeirri áskorun til stjórnanda Áhaldahúss Snæfellsbæjar að hugsa til gangandi vegfarenda og hreinsa, salta og/eða sandbera helstu gangstéttar bæjarins í vetur, ef þannig aðstæður (klaki eða snjór) skapast.

Það reynist oft afdrifaríkt fyrir eldri borgara að detta og brjóta bein. Hjá þeim grær seinna en hjá þeim yngri”.

Umræður fóru fram um málið á meðal fundarmanna og tóku allir undir áskorunina. Samþykkt var að vísa þessu til bæjarstjóra og áhaldahúss Snæfellsbæjar.

**Mál 3:** Sveinn Þór Elinbergsson upplýsti fundarmenn um aksturþjónustu. Að markmiðið sé að efla aksturþjónustu við þá eldri borgara, sem þurfa á þeirri þjónustu að halda í umdæmi félagsþjónustunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,45.

Pétur Steinar Jóhannsson